

Minningarkort eru seld á skrifstofu Droplaugarstaða. Þau eru seld til styrktar Hollvinasamtökum Droplaugarstaða, en Hollvinasamtökin standa fyrir ýmsum upþákomum fyrir heimilisfólk.

Kortin eru myndskreytt af Guðrúnu Ástu Arnardóttur og í þeim er ljóð eftir Sigurbjörn Einarsson.

Hægt er að kaupa kort á skrifstofu Droplaugarstaða, einnig er hægt að hringja í síma 414 9500 og leggja inn á reikning Hollvinasamtakanna. Þá er einnig hægt að senda tölvupóst á

droplaugarstadir@droplaugarstadir.is

og panta kort. Upplýsingar um reikningsnúmer verða sendar um hæl.

Lágmarksgjald fyrir minningarkort er kr. 1.500,-.



Nú hverfur sól í haf
og húmið kemur skjótt.
Ég lofa góðan Guð,
sem gefur dag og nótt,
minn vökudag, minn draum og nótt.

Þú vakir, faðir vor,
og verndar börnin þín,
svo við sem veröld er
og vonarstjarna skín,
ein stjarna hljóð á himni skín.

Lát daga nú í nótt
af nýrri von og trú
í myrkri hels og harms
og hvar sem gleymist þú
á jörð, sem átt og elskar þú.

Kom, nótt, með náð og frið,
kom nær, minn faðir hár,
og legðu lyfstein þinn
við lífsins mein og sár,
allt mannsins böl, hvert brot og sár.

Sigurbjörn Einarsson